



## Starfsreglur um sérkennslu í Leikskóla Fjallabyggðar

Leikskóli Fjallabyggðar starfar samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008. Þar segir í 22. gr. um framkvæmd sérfræðipjónustu. *Börn sem þurfa sérstaka aðstoð og þjálfun, að mati viðurkenndra greiningaraðila, eiga rétt á slikri þjónustu innan leikskólans. Þjónusta þessi skal fara fram undir handleiðslu sérfræðinga samkvæmt ákvörðun leikskólastjóra og sérfræðipjónustu í samráði við foreldra.*

### **Snemmtæk íhlutun**

Í Leikskóla Fjallabyggðar byggir sérkennsla á hugmyndafræði snemmtækrar íhlutunar (early intervention). Markmið snemmtækrar íhlutunar er að hafa sem mest áhrif á þroskaframvindu barns eins snemma á lífsleiðinni og unnt er. Helstu rök fyrir mikilvægi snemmtækrar íhlutunar eru þau að heilastarfsemi ungra barna er ekki jafn sérhæfð og heilastarfsemi fullorðinna og því unnt að hafa áhrif á þroskaferli heilans með beinum og óbeinum hætti. Sterk tengsl eru einnig milli taugaþroska og umhverfisáhrifa auk þess sem örvun á fyrstu árum ævinnar er mikilvæg fyrir allan síðari þroska. Árangur snemmtækrar íhlutunar er að miklu leyti háður þátttöku foreldra og samvinnu fagfólks sem að barni kemur.

### **Markmið sérkennslu**

Markmið með sérkennslu í Leikskóla Fjallabyggðar er að tryggja að barn með frávik í þroska, tilfinninga-og /eða félagslega erfíðleika fái notið leikskóladvalar sinnar og að skapa aðstöðu til þess að koma til móts við þarfir þess. Samkvæmt hugmyndafræði snemmtækrar íhlutunar er áhersla lögð á að íhlutun hefjist um leið og grunur vaknar um frávik í þroska. Vandað er til skipalags og vinnubragða og ráð gert fyrir heildstæðri þjónustu með markvissum aðgerðum og viðurkenndum kennsluaðferðum.

### **Leiðarljós:**

- Íhlutun byggir á styrkleikum barns og nánasta umhverfi þess.
- Unnið er eftir einstaklingsmiðaðri námsáætlun þar sem markmið byggja á stöðu barns, óskum foreldra, áherslum fagaðila og skólanámskrá.
- Íhlutun er samofin daglegu starfi og fer fram í barnahópi eins og kostur er.
- Ákvarðanir um skipulag og útfærslu sérkennslu eru teknar í samráði við foreldra barns sem í hlut á.

### **Beiðni um athugun, greiningu og ráðgjöf**

Samkvæmt 11. gr. reglugerðar um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendarverndarráð í grunnskólum nr. 584/2010 geta foreldrar leikskólabarna óskað eftir greiningu og ráðgjöf fyrir börn sín. Auk þess geta skólastjórnendur, leikskólakennarar og eftir atvikum annað starfsfólk leikskóla eða skólaheilsugæslu lagt fram ósk um slíka sérfræðiaðstoð í samráði við og með samþykki foreldra. Beina skal beiðnum til skólastjóra. Allar greiningar á nemendum og námsaðstöðu þeirra skulu gerðar í samráði við og með samþykki foreldra og skulu þeir upplýstir um niðurstöður.



## Sérkennslustjóri í Leikskóla Fjallabyggðar

Sérkennslustjóri veitir foreldrum og starfsmönnum leikskólans ráðgjöf vegna sérkennslu. Sérkennslustjóri ber ábyrgð á og stjórnar skipulagningu, framkvæmd og endurmati sérkennslunnar í leikskólanum ásamt leikskólastjóra. Sérkennslustjóri er faglegur umsjónarmaður sérkennslu í leikskólum, annast frumgreiningu og ráðgjöf til annarra starfsmanna leikskóla, ber ábyrgð á gerð verkefna og einstaklingsnámskráa fyrir börn sem njóta sérkennslu. Sérkennslustjóri miðlar upplýsingum á milli sérfræðinga sem að málefnum koma og starfsmanna leikskólans.

## Sérfræðipjónusta leikskóla – frekari greining

Samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 584/2010 er hlutverk sérfræðipjónustu að aðstoða starfsfólk leikskóla við greininu á nemendum sem kunna að eiga í líkamlegum, sálrænum eða félagslegum vanda sem getur haft áhrif á námsframvindu. Starfsfólk sérfræðipjónustu á einnig að aðstoða starfsfólk leikskólans við greiningu á námsaðstæðum og veita ráðgjöf um hvernig brugðist skuli við og vísa á viðeigandi úrræði. Um er að ræða frekari greiningu á vanda barns svo sem málþroskapróf, þroskamat og aðrar frumgreiningar. Niðurstöðum athugana er skilað til foreldra á skilafundi og ákvörðun um viðeigandi úrræði s.s. sérkennslu eða tilvísun í frekari greiningu, teknin í samráði við foreldra. Hafni foreldrar frekari íhlutun eða greiningu á þroska barns er þeim skyldt að staðfesta það skriflega. Málefnum barns kann þá að vera vísað áfram til fjölskyldudeildar.

## Einstaklingsáætlun

Einstaklingsáætlun er útbúin fyri hvert barn sem fær sérkennslu í leikskólanum. Einstaklingsáætlun er vinnuáætlun þeirra sem vinna með barninu og er unnin í nánu samráði við foreldra. Markmið einstaklingsáætlunar byggja á stöðu barns, óskum foreldra, áherslum fagaðila og skólanámskrá. Einstaklingsáætlun skal vera tilbúin eigi síðar en 6 vikum eftir að barn fær úthlutað sérkennslutínum.

## Sérkennslustundir

Til þess að barn fái úthlutað sérkennslutínum í leikskólanum þarf að liggja fyri greining frá viðurkenndum greiningaraðila eða staðfesting viðurkenndra greiningaraðila á frumgreiningu. Sérkennslustundum er úthlutað til leikskóla/deildar í samræmi við fötlun og/eða þroskafrávik barns og einstaklingsáætlun, liggi hún fyrr.

## Nemendaverndarráð

Nemendaverndarráð metur niðurstöður greiningar og eftir atvikum markmið einstaklingsnámskrár og gerir tillögu um úthlutun sérkennslutíma til deildarstjóra fjölskyldudeildar. Þegar tekin er ákvörðun um fjölda sérkennslutíma sem hver leikskóli hefur er þörfin og álagið metið hverju sinni. Einnig geta börn með sérkennslu verið skráð með tíma hjá sérkennslustjóra. Sérkennslubörf hvers barns er endurmetin eftir hverja önn eða oftar.

## Teymisfundir þjónustuteymis

Teymisfundir þjónustuteymis eru samráðsfundir foreldra og þjónustuaðila, innan og utan leikskóla. Þjónustuteymi eru stofnuð í samráði við foreldra vegna barna með fötlun eða langvinna sjúkdóma. Hlutverk teymis er m.a. að samhæfa þjónustu mismunandi þjónustuaðila og miðla upplýsingum. Teymisfundir eru haldnir eftir þörfum.

**Upplýsingar og meðferð gagna**

Upplýsingar og gögn varðandi börn með sérþarfir eru meðhöndluð sem trúnaðarmál og varðveitt í læstum hirslum. Við miðlun upplýsinga milli skólastiga eða sveitarfélaga ber skólastjóra að senda móttökuskóla, með tryggum hætti persónulegar upplýsingar um barn sem eru nauðsynlegar fyrir velferð þess og aðlögun í nýjum skóla. Skólastjóra ber að upplýsa foreldra um hvaða upplýsingar hann sendir frá sér. Foreldrar eiga rétt á að kynna sér eða frá afrit af gögnum í vörlsu sérfærðiþjónustu. Réttur foreldra sem ekki fara með forsjá barns til upplýsinga frá sérfræðiþjónustu fer samkvæmt 52. gr barnalaga nr. 76/2003.

**Kæruheimildir**

Ákvarðanir um rétt einstakra nemenda í leikskóla til sérstakrar aðstoðar og þjálfunar, sem teknar eru á grundvelli 22. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 eru kæranlegar til mennta- og menningarmálaráðherra.

Ákvarðanir sem teknar eru af sveitarfélagi í samráði við foreldra, um úrræði og eftirfylgni í framhaldi af niðurstöðu greiningar eru ekki kæranlegar til ráðherra.



## Verkferlar við sérfræðiþjónustu Leikskóla Fjallabyggðar

### Beiðni um athugun, greiningu og ráðgjöf

Samkvæmt 11. gr. reglugerðar um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 584/2010 geta foreldrar leikskólabarna óskað eftir greiningu og ráðgjöf fyrir börn sín. Auk þess geta skólastjörnendar, leikskólakennarar og eftir atvikum annað starfsfólk leikskóla eða skólaheilsugæslu lagt fram ósk um slíka sérfræðiaðstoð í samráði við og með samþykki foreldra. Beina skal beiðnum til skólastjóra. Allar greiningar á nemendum og námsaðstöðu þeirra skulu gerðar í samráði við og með samþykki foreldra og skulu þeir upplýstir um niðurstöður.

Leikskólakennarar og sérkennslustjórar fylgjast með framvindu þroska hjá börnum og upplýsa foreldra um námsframvindu og þroska barns í skipulögðu foreldraviðtali. Fyrir elsta árgang barna í öllum leikskólum eru lögð fyrir matstæki, Hljóm-2 og könnun í markvissri málörvun, sem meta hvort viðkomandi barn kunni að eiga í erfiðleikum með lestrarnám eða lestur, eða aðra námserfiðleika. Brugðist er við forspá um námsvanda barns með kerfisbundnum hætti í öllum leikskólum.

Vakni áhyggjur af þroska barns hjá starfsfólk leikskóla, kemur deildarstjóri því á framfæri við leikskólastjóra. Deildarstjóri boðar foreldra á fund þar sem farið er yfir stöðu barns í leikskólanum og heima og ræddar leiðir til úrbóta eftir atvikum. Sé það niðurstaða fundar að vísa máli barns til frekari athugunar hjá sérkennslustjóra skrifa foreldrar og skólastjóri undir beiðni þess efnis. Hafni foreldrar frekari athugun á þroska og/eða námsaðstæðum barns skrifa þeir undir staðfestingu þess efnis. Málefnum barns kann þá að vera vísað áfram til fjölskyldudeilda.

Þegar sérkennslustjóri hefur fengið undirritaða beiðni um athugn á þroska barns eða námsaðstöðu aflar hann upplýsinga um barn frá foreldrum og starfsfólk leikskóla og fylgist með barni við leik og störf í leikskólanum. Eftir atvikum eru lagðir fyrir matslistar sem meta líðan og afterli (AAL/ASEBA), hreyfiproska og málþroska (Smábarnalistinn) og hreyfiproska, tal, hlustun, sjálfsbjörg og nám (Íslenski þroskalistinn). Sérkennslustjóri ber ábyrgð á því að kynna niðurstöður athugunar fyrir foreldrum.

Þarfist barn íhlutunar og/eða frekari athugunar á þroska að mati sérkennslustjóra ræðir hann það við foreldra barns og fær undirritað samþykki foreldra til þess að fara með málefni barns fyrir fund nemendaverndarráðs. Hafni foreldrar íhlutun og/eða frekari athugn á þroska barns er þeim skyld að staðfesta það skriflega. Málefnum barns kann þá að vera vísað áfram til fjölskyldudeilda.

Nemendaverndarráð tekur til umfjöllunar mál þess barns sem til þess er vísað með samþykki foreldra. Í nemendaverndarráði sitja skólastjórar, sérkennslustjóri, skólahjúkrunarfræðingur og ráðgjafi félagsþjónustu. Nemendaverndarráð metur niðurstöður athugana og leggur til næstu skref, sem eftir atvikum felast í lokun máls, sérkennslu og/eða tilvísun til sérfræðiþjónustu.



- **Lokun máls** - Ástæða til frekari íhlutunar er ekki fyrir hendi.
- **Sérkennsla** - Einstaklingsnámskrá – markviss íhlutun - endurmat. Unnið er með barnið á markvissan hátt í 3-6 mánuði samkvæmt einstaklingsnámskrá. Árangur metinn og þá skoðað hvort ástæða er til málsloka, áframhaldandi sérkennslu eða tilvísun til sérfræðipjónustu. Hafni foreldrar íhlutun og/eða frekari athugun á þroska barns er þeim skylt að staðfesta það skriflega. Málefnum barns kann þá að vera vísað áfram til fjölskyldudeildar.
- **Tilvísun til sérfræðipjónustu** - Sérkennslustjóri, sálfræðingur og talmeinafræðingur tilheyra sérfræðipjónustu sveitarfélagsins. Eftir atvikum beinir nemendaverndarráð foreldrum til heimilislæknis, barnalæknis og annarra sérfræðinga svo sem augnlækna og sjúkraþjálfara. Sérkennslustjóri ber ábyrgð á tilvísun til sérfræðipjónustu. Í tilvísun er tiltekið hvernig unnið hefur verið með barnið í leikskólanum og heima ef við á. Með tilvísun fer öll gagnaöflun sem fram hefur farið varðandi barnið. Tilvísun er send í framhaldi af skriflegu samþykki foreldra. Hafni foreldrar frekari athugun á þroska barns er þeim skylt að staðfesta það skriflega. Málefnum barns kann þá að vera vísað áfram til fjölskyldudeildar.

Samkvæmt 3. gr. reglugerðar um sérfræðipjónustu sveitarfélaga nr. 584/2010 er hlutverk sérfræðipjónustu að aðstoða starfsfólk leikskóla við greiningu á nemendum sem kunna að eiga í líkamlegum, sálrænum eða félagslegum vanda sem getur haft áhrif á námsframvindu. Starfsfólk sérfræðipjónustu á einnig að aðstoða starfsfólk leikskólans við greiningu á námsaðstæðum og veita ráðgjöf um hvernig brugðist skuli við og vísa á viðeigandi úrræði. Um er að ræða frekari greiningu á vanda barns svo sem málþroskapróf, þroskamat og aðrar frumgreiningar. Niðurstöðum athugana er skilað til foreldra á skilafundi og ákvörðun um viðeigandi úrræði s.s. sérkennslu eða tilvísun í frekari greiningu, tekin í samráði við foreldra. Hafni foreldrar frekari íhlutun eða greiningu á þroska barns er þeim skylt að staðfesta það skriflega. Málefnum barns kann þá að vera vísað áfram til fjölskyldudeildar.